2026 - 2027

Kennsluáætlun Norðlingaskóla

Hönnun og smíði 1. - 2. bekkur

Kennarar: Magnús Gylfi Gunnlaugsson/Guðrún Benónýsdóttir

Megintilgangur list- og verkgreina er að gefa nemendum tækifæri til að þróa sköpunargleði, hugmyndaflug og hæfni til að tjá sig á fjölbreyttan hátt með orðum, hreyfingu, tónum, efni og verkfærum þar sem áhersla er lögð á að samhæfa huga, hjarta og hönd. Í þessu námi kynnast nemendur fjölbreyttum aðferðum og miðlum, læra að vinna með tilfinningar, túlka umhverfi sitt í gegnum verk og list. Þeir þjálfa samvinnu, sjálfstæði, frumkvæði og gagnrýna hugsun og öðlast hæfni til að nálgast heiminn á skapandi hátt. Verkgreinar stuðla að því að nemendur verði færir í að framkvæma, takast á við verkefni í samhengi við umhverfi sitt, nýta verkþekkingu og þróa sjálfstraust og útsjónarsemi. Þannig stuðla list- og verkgreinar að jafnvægi í námi og gefa hverjum og einum tækifæri til að blómstra á eigin forsendum.

Námið stuðlar að tæknilæsi, miðlalæsi og ábyrgri notkun upplýsinga þar sem nemendur þjálfast í gagnrýninni hugsun, sköpun, samvinnu og lausnaleit. Kennslan á að efla tæknivitund nemenda, áhuga á stafrænum lausnum og hæfni til að skilja og bregðast við tæknilegum áskorunum nútímans. Með því að samþætta upplýsingatækni við aðrar námsgreinar fá nemendur tækifæri til að tengja tækni við raunveruleg viðfangsefni og þróa hæfni sem nýtist þeim í námi, leik, starfi og lýðræðislegri samfélagsþátttöku.

Aðalnámskrá grunnskóla - List- og verkgreinar

Meginviðfangsefni

Nemendur fá að kynnast efnivið á borð við krossvið og furu og vinna verkefni úr þeim efnum.
Farið verður yfir yfirborðsmeðferð svo sem lökkun og pússun.
Einnig verður snert á pappírsvinnu og bókagerð.
Unnið verður með þau verkfæri sem hæfa þeim verkefnum sem liggja fyrir hverju sinni. Auk þess byrja nemendur að læra öryggisreglur, góða umgengni og frágang í smíðastofunni.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Unnið verður eftir aðferðum leiðsagnarnáms sem felur m.a. í sér að endurgjöf er veitt jafnt og þétt til nemenda á meðan verkefnavinnu stendur, nemendur vinna með námsfélögum og eru meðvitaðir um viðmið um árangur.
Áhersla verður lögð á fjölbreytta kennsluhætti.

Kennsluáætlun Norðlingaskóla

Námsgögn

Unnið er með ýmis handverkfæri og þau efni sem henta þeim viðfangsefnum sem fengist er við hverju sinni,. Notast er við glærukynningar til þess að varpa frekara ljósi bæði á hönnun og smíði.

Námsmat

Námsmat tekur mið af verklegri kennslu verk- og listgreina. Kennari metur frammistöðu og framfarir nemenda við gerð verkefna þar sem einnig er lagt til grundvallar að virkni, áhugi og framkoma séu jafn mikilvæg endanlegri útkomu verkefna. Mikilvægt er að nemendur skili verkefnum jafnt og þétt yfir önnina til þess að tryggja að matið gefi rétta mynd af stöðu nemanda.